

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 11. ágúst kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 879. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Þórður Sigfússon.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Brynja Kemp Guðnadóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, og Olga Guðrún B Sigfúsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Blönduhlíð 17, Stækkun kvista - svalir - 0301** (01.713.013) Mál nr. BN061319
Skjalnr. 14630
S-50 ehf., Blönduhlíð 17, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvisti, koma fyrir nýjum svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0301 í húsi á lóð nr. 17 við Blönduhlíð. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 20. júlí 2022 og afrit af samþykktum aðaluppdráttum.
Gjald kr.12.600
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Blönduhlíð 19.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
- Hléskógar 1, (fsp) íbúðarhús á baklóð** (04.942.0) Mál nr. SN220312
Skjalnr. 5346
Rakel Marín Jónsdóttir, Ljósavík 58, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Rakelar Marínar Jónsdóttur dags. 20. maí 2022 ásamt greinargerð dags. 20. maí 2022 um uppbyggingu 40 m² aukaíbúð á baklóð lóðarinnar nr. 1 við Hléskóga. Einnig er lögð fram skissa af húsi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Klambratún, Djúpgámar - verk.193828** (01.248) Mál nr. BN061333
Skjalnr.
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður grenndarstöð með sex djúpgámum, þ.e. fimm 5,0 rúmm. og einn 3,0 rúmm. á norðvestur horni bílastæðis við Klambratún, við gatnamót Rauðarárstígs og Flókagötu.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi BN058325 dregið til baka.
Gjald kr.12.600
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsóknin verður grenndarkynnt.

4. **Kleppsmýrarvegur 6, Fjölbýlishús** (01.451) Mál nr. BN061309
Skjalnr. 14666
Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík
Úlfarsá ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 5-6 hæða fjölbýlishús, mhl. 01, með 51 íbúð, ásamt kjallara, mhl. 02, með 51 bílastæði og hjólageymslu, einangrað og klætt að utan ásamt 5 djúpgámum, mhl. 03, á lóð nr. 6 við Kleppsmýrarveg.
Stærð, mhl. 01, A-rými: 5902,9 ferm., 18.170,6 rúmm.
B-rými: 328,8 ferm.
Mhl. 02, A-rými: 1,382,9 ferm., 4.418,8 rúmm.
Mhl. 03, A-rými: 18 ferm., 51,5 rúmm.
Samtals: 7.303,8 ferm.,
Gjald kr. 12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Hverfisgata 105, (fsp) breyting á notkun** (01.154.4) Mál nr. SN220457
Skjalnr. 5139
Jóhann V Þ Aðalbjörnsson, Brekkubyggð 28, 540 Blönduós
Reitur ehf, Brekkubyggð 28, 540 Blönduós
Lögð fram fyrirspurn Jóhanns Viðars Aðalbjörnssonar dags. 14. júlí 2022 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 105 við Hverfisgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
6. **Lindargata 39, (fsp) sólstofa** (01.152.3) Mál nr. SN220275
Skjalnr. 14641
Sigurður Arngrímsson, Bretland, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Arngrímssonar dags. 29. apríl 2022 um að setja sólstofu við íbúð merkt 1101 á 11 hæð hússins á lóð nr. 39 við Lindargötu, samkvæmt teikningum 101 Skuggahverfis dags. 24. nóvember 2006, síðast br. 17. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022 samþykkt.
7. **Dyngjuvegur 18, Bráðabirgðahúsnæði - leikskóli** (01.384.305) Mál nr. BN061051
Skjalnr. 14651
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.
Stærð: 792,0 ferm., 2.502,7 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Dyngjuvegi 16 og Laugarásvegi 58, 60, 62, 64, 66, 70 og 75.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.

8. **Einarsnes 66A, Einbýlishús á lóð Einarsnes** (01.673.0) Mál nr. BN061173
66B Skjalnr. 5772
Haukur Ploder, Grandavegur 42A, 107 Reykjavík
Sigríður Karlsdóttir, Grandavegur 42A, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús og tvöfaldan bílskúr úr krosslímum timbureiningum, einangrað að utan, klætt með málm- og timburklæðningu á lóð nr. 66B við Einarsnes.
Stærð: 212,1 ferm., 680,6 rúmm.
Gjald kr.12.600
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
9. **Hellusund 6A, Br. og viðbót við hús.** (11.852.14) Mál nr. BN060793
Skjalnr. 14588
Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengigang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis, 8-10 starfsmenn í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022 samþykkt.
10. **Kamsvegur 27, Viðbygging** (13.542.01) Mál nr. BN060338
Skjalnr. 12053
Jóhann Rúnar Kjartansson, Kamsvegur 27, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við austurhlið einbýlishúss á einni hæð auk kjallara, á lóð nr. 27 við Kamsveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Kleppsgarðar, skipulagslýsing** Mál nr. SN220409
Skjalnr. 14675
Lögð fram drög að skipulagslýsing VSÓ ráðgjafar dags. 22. júní 2022 vegna nýs deiliskipulags að Kleppsgörðum. Tilgangur skipulagsins er að koma fyrir byggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
12. **Réttarholtsvegur 21-25, Færanleg stofa** (18.323.01) Mál nr. BN061056
Skjalnr. 10665
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
MG-hús ehf., Smáraríma 2, 112 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir færanlegri kennslustofu K132-J og mun hún þjóna sem vinnustofa fyrir tónlistaraðstöðu fyrir Réttarholtskóla á lóð nr. 21-25 við Réttarholtsveg. Um er að ræða áðurgerða framkvæmd. Erindi var grenndarkynnt frá 21. júní 2022 til og með 19. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kristín Valtýsdóttir dags. 30. júní 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

13. **Réttarholtsvegur 21-25, 21-25 - Færanlegar** (18.323.01) Mál nr. BN061202
kennslustofur Skjalnr. 10665
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja fjórar færanlegar kennslustofur sem verða tengdar saman tvær og tvær og verðar skráðar sem mhl. 13 og mhl. 14, við Réttarholtsskóla á lóð nr. 21- 25 við Réttarholtsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra .
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Réttarholtsvegi 27,29,31,33,35,37,39,41, og 43 og Ágarði 55,57,59,61,63,65,67,69 og 71.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
14. **Sólvallagata 68, breyting á deiliskipulagi** (01.134.5) Mál nr. SN220289
Skjalnr. 13575
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Sólvallagata 68, húsfélag, Sólvallagötu 68, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram umsókn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 16. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vega lóðarinnar nr. 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýjum byggingareit fyrir gróðurhús á lóð, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 15. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Sólvallagötu 66 og 70, Framnesvegi 31B og Holtsgötu 19, 21 og 23
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. og gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
15. **Drafnarstígur 5, Bygging garðskála** (11.342.14) Mál nr. BN061176
Skjalnr. 6192
Pre ehf, Drafnarstíg 5, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála á austurhlíð, stækka anddyri, ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum kjallara og öðrum breytingum á einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Drafnarstíg. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Drafnarstíg 3 og 5A og Bræðraborgarstíg 10,10A og 12.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
16. **Grandagarður 16, breyting á deiliskipulagi** (01.114) Mál nr. SN220426
Skjalnr. 12594
Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar vegna lóðarinnar nr. 16 við Grandagarð. Í breytingunni felst að reitur 2 á lóð er færður samsíða byggingu frá norðausturhorni lóðar um ca 20 m til suðvesturs, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 30. júní 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

17. **Hávallagata 9, (fsp) lagfæring á innkeyrslu** (01.160.3) Mál nr. SN220440
og breyting á notkun bílskúrs Skjalnr. 12958
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Herdis Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2022 ásamt bréfi dags. 11. júlí 2022 um að lagfæra halla á innkeyrslu á lóð nr. 9 við Hávallagötu ásamt því að breyta notkun bílskúrs í rými sem tilheyrir íbúð á 1. og 2. hæð, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2022. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2022 samþykkt.
18. **Hólmvað 6, (fsp) plöntun trjáa í borgarlandi** (04.741.201) Mál nr. SN220384
Skjalnr. 13013
Elín Karlsdóttir, Hólmvað 6, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Elínar Karlsdóttur, dags. 15. júní 2022, um að planta trjám við húsvegg á lóðum nr. 6a, 6b, 6c og 6d við Hólmvað. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
19. **Langagerði 38, (fsp) breikkun á innkeyrslu** (01.832) Mál nr. SN220443
Skjalnr. 14679
Kári Valur Hjörvarsson, Langagerði 38, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Kára Vals Hjörvarssonar dags. 12. júlí 2022 ásamt greinargerð ódags. um að breikka innkeyrslu á lóð nr. 38 við Langagerði. Einnig er lagðar fram ljósmyndir þar sem skissað er inn fyrirhuguð breikkun. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
20. **Langagerði 118, Bæta við glerhýsi og** (18.331.08) Mál nr. BN061172
svölum. Færsla á aðalinngangi. og áður Skjalnr. 14672
gerðar breytingar.
Helena Ísaksdóttir, Langagerði 118, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera glerhýsi við 1. hæð, gera nýjar svalir á svalahús suðurhliðar annarrar hæðar og aðalinngangur færður til, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum framkvæmdum sem átt hafa sér stað í árunna rás, þar sem m.a. er búið að breyta innra skipulagi fyrstu hæðar og gerð hurð út í garð á vesturhlið húss á lóð nr. 118 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022 samþykkt.
21. **Sólvallagata 17, (fsp) svalir, bílskúr o.fl.** (01.162) Mál nr. SN220310
Skjalnr. 14644
Pétur Kristófer Oddsson, Lyngás 1C, 210 Garðabær
Lögð fram að nýju fyrirspurn Péturs Kristófers Oddssonar dags. 19. maí 2022 ásamt greinargerð dags. 19. maí 2022 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 17 við Sólvallagötu, hækka þak hússins og stækka kvist sem er á framhlið hússins ásamt því að setja bílskúr og tvö bílastæði á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju. Jafnframt er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 10. ágúst 2022. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.

- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11 ágúst 2022 samþykkt.*
22. **Njálsgata 34B, (fsp) breyting á svölum** (01.190.2) Mál nr. SN220298
Skjalnr. 5456
Sönke Marko Korries, Útlönd, Lögð fram fyrirspurn Sönke Marko Korries dags. 6. maí 2022 um breytingar á svölum hússins á lóð nr. 34B við Njálsgötu, samkvæmt skissu ódags. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. ágúst 2022.
23. **Vífilsgata 3, (fsp) skrá íbúð í kjallara á sér fastanúmer** (01.243.3) Mál nr. SN220402
Skjalnr. 13258
Leifur Þorbergsson, Hverfisgata 49, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Leifs Þorbergssonar dags. 10. júní 2022 um að skrá íbúð í kjallara hússins á lóð nr. 3 við Vífilsgötu á sér fastanúmer. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022 samþykkt.
24. **Þjóðhildarstígur 2-6, nr. 2 - ósk um umsögn um breyttan opnunartími hjá Lyfju** (04.112.2) Mál nr. SN220482
Skjalnr. 10430
Lyfjastofnun, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík
Lagt fram erindi frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 26. júlí 2022 þar sem beiðni Lyfjastofnunar dags. 6. apríl 2022, um umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur á umsókn lyfsöluleyfifisha Lyfju Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2, um breyttan opnunartíma, er vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
25. **Naustavogur 15, Endurbygging á fjarskiptamastri** (01.456.2) Mál nr. BN061286
Skjalnr.
Míla ehf., Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjarskiptamastur í stað gamals grindarmasturs, sem verður 20 metra hátt, á lóð nr.15 við Naustavog.
Erindi fylgir yfirlýsing vegna samkomulags um leigu á aðstöðu á lóð, dags. 28. mars 2022.
Gjald kr. 12.600
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
26. **Spöngin 9-41, (fsp) nr. 33-39 - hækkun húss og breyting á notkun** (02.375.3) Mál nr. SN220378
Skjalnr. 5541
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 13. júní 2022 ásamt bréfi dags. 13. júní 2022 um hækkun hússins að Spönginni 33-39, lóð nr. 9-41 við Spöngina, og breytingu á notkun á efri hæðum hússins.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Eirhöfði 18, Viðbygging** (04.030.0) Mál nr. BN061300
Skjalnr. 6506
Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við austurhlið húss á tveimur hæðum, bæta við millilofti og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 18 við Eirhöfða.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti samþykktra aðaluppdrátta.
Gjald kr.12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

28. **Gullslétta 1, breyting á deiliskipulagi** (34.532.101) Mál nr. SN220460
Skjalnr. 14662
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
AGROS Lækjarmelur 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn K.J.ARK slf. dags. 20. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa til innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 19. júlí 2022.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
29. **Heklureitur, nýtt deiliskipulag** (01.242) Mál nr. SN210448
Skjalnr. 13840
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2022 þar sem fram kemur að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis og forms deiliskipulagsins þar sem stofnunin telur ekki ljóst hvort og hvernig tillagan samræmist ákvæðum aðalskipulags m.a. um byggingarmagn, þéttleika og gæði byggðar ásamt fleiri atriðum sem þarf að skýra og/eða gera nánar grein fyrir.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
30. **Hesthál 14, Auglýsingastandar** (43.218.01) Mál nr. BN061293
Skjalnr. 7192
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir 12 auglýsingastöndum með led-skjá, 1,40 m breidd og 2,36 m á hæð á 12 stöðum í borginni sem eru þessir: Bæjarhál, Höfðabakki, Jónsgeisli, Skógarsel, Stekkjarbakki, Þúsöld, Vonarstræti, Kalkofnsvegur, Njarðargata, Gamla Hringbraut og Laugavegur, öll skráð á lóð nr. 14 við Hesthál.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur, breyting á deiliskipulagi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22** (34.2) Mál nr. SN220195
Skjalnr. 10184
Íslenska gámafélagið ehf., Koparslétta 22, 162
ALARK arkitektar ehf., Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Íslenska Gámafélagsins ehf. dags. 8. apríl 2022 ásamt bréfi ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafnið Koparslétta 22 er lagt til að hún beri nafnið Kalkslétta 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 8. júní 2022 til og með 21. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Guðbergur Grétar Birkisson, Anna Grétarsdóttir, Sunna Líf Elvarsdóttir, Þengill Guðbergsson, Steinn Friðgeirsson og Sigríður Ingólfssdóttir dags. 21. júlí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Kjalarnes, Horn, (fsp) um skiptingu lands í tvö smábýli** (33) Mál nr. SN220491
Skjalnr. 14650
Hrönn Scheving Guðmundsdóttir, Horn, 162
Lögð fram fyrirspurn Hrannar Scheving Guðmundsdóttur, dags. 4. ágúst 2022, um að skipta landi Horns, Kjalarnesi (fasteignanr. 125864) í tvo hluta, samkvæmt meðfylgjandi mynd, ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

33. **Norðurgrafarvegur 2, Breyting á erindi** (34.535.101) Mál nr. BN061183
BN039142 Skjalnr. 10225
Fjölga geymslurýmum
 Mjallur ehf., Krúási 33, 220 Hafnarfjörður
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN039142, þ.e. geymslurýmum fjölgað úr níu í fjórtán, einnig skipulagi lóðar og útliti húss á lóð nr. 2 við Norðurgrafarveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6),** (01.451.3) Mál nr. SN220211
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 14567
 BBL 159 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
 Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Hjalta Brynjólfssonar dags. 13. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 1 vegna lóðanna nr. 1 og 2 við Stefnisvog (reitir 1-2 og 1-6). Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-2: Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar eykst (flyst til frá lóð 1-6) og lóð 1-2 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn B-rýmis eykst um 30 m². Heildarbyggingarmagn lóðar eykst. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-6: Fjórir húshlutar í stað þriggja ofan á bílageymslu og bundin byggingarlína íbúðarhús ofan á bílgeymslu breytist samhliða. Byggingarreitur og skörð með dvalarsvæðum milli húshluta breytast/færast til. Íbúðum er fjölgað úr 51 íbúð í 60 íbúðir. Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar minnkar (flyst til yfir á lóð 1-2) og lóð 1-6 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn neðanjarðar eykst. Heildarbyggingarmagn lóðar minnkar. Fjórar innkeyrslur í bílgeymslu í stað þriggja. Ofanvatnslausnir og svæði með gegndræpu yfirborði breytist í samræmi við breytingu á húshlutum, samkvæmt deiliskipulags- skýringarupph. Arkþing/Nordic ehf. ódags. Einnig eru lagt fram bréf hönnuðar dags. 7. júlí 2022 og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018, síðast br. 5. apríl 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
35. **Varmadalur 5, Atvinnuhúsnæði** (34.5) Mál nr. BN061294
 Jón Sverrir Jónsson, Varmadalur 2, 162 Skjalnr. 10167
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhús úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Varmadal. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 18. júlí 2022 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2022.
 Stærð: 465,6 ferm., 3.061 rúmm.
 Gjald kr. 12.600
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Haðarstígur 12, Hækka þak - kvistir - svalir** (11.866.22) Mál nr. BN061259
- breytingar inni Skjalnr. 14577
 Eygló Óskarsdóttir, Granaskjól 90, 107 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir, lækka gólf í kjallara, innrétta þar íbúð, frá kjallara að hluta, stækka glugga og gera hurð út í garð í parhúsi á lóð nr. 12 við Haðarstíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

37. **Haðarstígur 14, Hækka þak - kvistir - svalir** (11.866.23) Mál nr. BN061260
- breytingar inni Skjalnr. 13976
Berglind Árnadóttir, Haðarstígur 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir, grafa frá kjallara að hluta, stækka þar glugga og gera hurð úti garð, í parhúsi á lóð nr. 14 við Haðarstíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Iðunnarbrunnur 1, (fsp) aukið** (02.693.4) Mál nr. SN220495
byggingarmagn í kjallara Skjalnr. 14681
Ragnar Logi Magnason, Iðunnarbrunnur 1, 113 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ragnars Loga Magnússonar, dags. 8. ágúst 2022, um aukið byggingarmagn innan lóðar í kjallara sem verður eingöngu nýtt sem geymslurými, á lóð nr. 1 við Iðunnarbrunn. Einnig lagður fram uppdr. Mannvits dags. í mars 2006 (br.febr. 2007 og sept. 2008).
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Iðunnarbrunnur 15, breyting á** (02.693.4) Mál nr. SN220492
deiliskipulagi Skjalnr. 14270
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Úti og Innri sf dags. 4. ágúst 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 15 við Iðunnarbrunn. Í breytingunni felst að byggja kjallara undir hluta hússins vegna erfiðrar hæðarlegu, samkvæmt uppdr. Úti - Innri arkitekta dags. 14. júlí 2022. Einnig lagður fram lóðauppdráttur dags. 28. febrúar 2020, hæðarblað mars 2006, samþykki nágranna ódags., og minnisblað Úti - Innri dags. 4. ágúst 2022.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
40. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólrun W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Á fundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð. Erindi var samþykkt í grenndarkynningu og er nú lagt fra, að nýju ásamt tölvupósti Birgis Haraldssonar dags. 29. júlí 2022 þar sem óskað er eftir skuggavarpi.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
41. **Breiðhöfði 10, ósk um umsögn vegna** (04.035.7) Mál nr. SN220215
endurnýjunar starfsleyfis Skjalnr. 6328
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lagt fram erindi Heilbrigðisefirlits Reykjavíkur dags. 20. apríl 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Einingaverksmiðjunnar ehf. um endurnýjun starfsleyfis að Breiðhöfða 10. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og hvort áætlaðar breytingar á skipulagi geti komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis til 30. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

42. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN210692
Skjalnr. 13910
Maison ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Maison ehf. dags. 6. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja tveggja hæða hús með þremur smábúðum og útisvæðum á þaki ásamt því að setja tvö yfirbyggð bílastæði á norðurhluta lóðar við Nýlendugötu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst, samkvæmt deiliskipulaguppdr. Studio Granda dags. 20. ágúst 2021, breytt 21. júní 2022. Einnig eru lagðir fram skuggavarpsuppdr. dags. 20. ágúst 2021. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur skipulagsfulltrúa til Dagmarar Þorsteinsdóttur, dags. 2. júní 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022.
Ábending frá Veitum dags. 4. ágúst 2022,
Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 22. ágúst 2022.
43. **Laugavegur 20B, breyting á deiliskipulagi** (01.171.5) Mál nr. SN220003
Skjalnr. 6844
Arnar Hannes Gestsson, Laugavegur 86-94, 101 Reykjavík
P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Páls V Bjarnasonar dags. 4. janúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð hússins fram að klapparstíg með þaksvölum, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 30. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. október 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 16. mars 2022 til og með 13. apríl 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Haraldur Ingvarsson f.h. Reykjavík Rent ehf. dags. 12. apríl 2022 og Einar Bjarnson dags. 12. apríl 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis - og skipulagsráðs.
44. **Naustabryggja 55-57, Svalalokun** (40.232.04) Mál nr. BN061275
Skjalnr. 7249
Bjarni Þór Þórólfsson, Naustabryggja 55, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja svalaskjól á svalir íbúðar 0403 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 55-57 við Naustabryggju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
45. **Bauganes 3A, (fsp) stækkun húss** (01.672.0) Mál nr. SN220408
Skjalnr. 8103
Silja Björg Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102
Halla Ruth Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Bauganes 3A, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Silju Bjargar Halldórsdóttur, Höllu Ruth Halldórsdóttur og Guðrúnar Ruth Viðarsdóttur, dags. 13. júní 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 3A við Bauganes, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. ágúst 2022.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. ágúst 2022 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.

46. **Fornhagi 1, Bráðabirgðakennslustofa** (15.461.02) Mál nr. BN061257
Skjalnr. 11171
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir bráðabirgðakennslustofu á suðurhlíð lóðar á meðan á viðgerðum stendur á álmu A í Hagskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
47. **Fossvogur, Kringlumýrarbraut og Suðurhlíð, framkvæmdaleyfi** (01.8) Mál nr. SN220464
Skjalnr. 12982
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 25. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna gerð strætóstöðva í Fossvogi ásamt færslu og lengingar fráreinar af Kringlumýrarbraut að Suðurhlíð. Gera skal stíga að strætóstöðvum, þverun stígs á Suðurhlíð og þrengja syðsta hluta Suðurhlíðar. Aðlaga skal hljóðmön vegna færslu fráreinar, aðlaga fláa og ganga frá landmótun vegna afvötnunar stíga og gatna. Einnig er lagt fram teikningahefti Hnit verkfræðistofu dags. í júní 2022 og útboðslýsing Hnit verkfræðistofu dags. í apríl 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða framkvæmdaleyfisumsóknina fyrir hagsmunaaðilum að Suðurhlíð 35,36 og 38A - 38D, Lautarvegi 14, 16 og 18 og Fossvogsbletti 1.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
48. **Laugavegur 157, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.222.2) Mál nr. SN220192
Skjalnr. 14481
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
L157 ehf., Melhaga 20, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19.maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar arkitekts dags. 6. apríl 2022 um breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits vegna lóðarinnar nr. 157 við Laugaveg sem felst í fjölgun íbúða og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdráttum JDA ehf. dags. 21. febrúar 2022. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022. Fyrirspurn er lögð fram að nýju ásamt greinargerð Jóns Davíðs Ásgeirssonar arkitekts dags. 20. júlí 2022 og uppdráttum JDA ehf. dags. 20. júlí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
49. **Hringbraut - Hofsvallagata, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220444
Skjalnr. 7868
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 12. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna breytingu á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu. Framkvæmdin felur í sér malbikun akreina að gatnamótum Nesbrautar 49-05 (hér eftir Hringbraut) og Hofsvallagötu endurgerð miðeyju við gatnamót, lenging vinstribeygjuvasa og breytingarhægri akreinar austan megin við gatnamót og hliðfærsla akreina Hringbrautar til suðurs vegna endurgerðar miðeyju og endurgerð hluta kantsteina. Endurnýjun og breyting á gatnalýsingu ásamt umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum. Einnig er lagt fram teikningasett CSÓ ráðgjafar dags. í júní 2022, Útboðslýsing VSÓ ráðgjafar dags. í júlí 2022 og yfirlitsmyndir VSÓ ráðgjafar yfir umferðaljósastryngingar dags. 13. júní 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða framkvæmdaleyfisumsóknina fyrir hagsmunaaðilum að Hringbraut 52,54,56,58,61,63,65,67,69,71,73,74,75,76,77,78,81 og 83 og Hofsvallagötu 20,21,22 og 23.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.

50. **Skerjafjörður, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220488
Skjalnr. 5201
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 5. ágúst 2022 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu 132 Kv sæstrengs í Skerjafirði. Einnig eru lagðir fram uppdættir Eflu dags. 11. júlí 2022, umsókn Eflu til Umhverfisstofnunar dags. 23. júlí 2022 og umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 25. júlí 2022. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022 . Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
51. **Teigagerði 8, breyting á deiliskipulagi** (01..81.6.0) Mál nr. SN220217
Skjalnr. 14494
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Úti og inni arkitekta dags. 20. apríl 2022 ásamt minnisblaði dags. 13. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigagerðisreits vegna lóðarinnar nr. 8 við Teigagerði. í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir viðbyggingu, á jarðhæð, við suðaustur kverk hússins, ásamt því að upprunalegir kvistir á húsinu eru rýmkaðir sem leiða aukins byggingamagns, samkvæmt uppd. Úti og inni arkitekta dags. 6. apríl 2022. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Lagður fram undirskriftalisti með samþykki nágranna, ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 23. júní 2022 til og með 21. júlí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
52. **Laugarásvegur 56, Reyndarteikningar** (13.851.03) Mál nr. BN061264
Skjalnr. 14685
Jóhannes Gaukur Pétursson, Laugarásvegur 56, 104 Reykjavík
Stefanía Karlsdóttir, Laugarásvegur 56, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem hefur verið byggður kjallari undir einbýlishús á lóð nr. 56 við Laugarásveg.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
53. **Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á deiliskipulagi** (01.19) Mál nr. SN220214
Skjalnr. 12506
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 20. apríl 2022 varðandi breyting á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Breytt deiliskipulag nær i meginatriðum til Sóleyjartorgs, aðkomu að bílgeymsluhúsi, stækkunar og færslu bílastæða, samkvæmt uppd. Spítal ehf. dags. 16. nóvember 2021, br. 19. apríl 2022. Einnig er lögð fram skýringarmynd Spítal ehf. dags. 13. apríl 2022 og áskýnd og grunnmynd með skýringum dags. í apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 8. júní 2022 til og með 21. júlí 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00

Björn Axelsson

Þórður Sigfússon